

Virðulega fundarstýra, fundargestir.

*ungar komi innan Glístanus*

Ykkur þykir ef til vill sem við séum að bera í bakkafullan lækinn með því að einbeita okkur einkum að þeim þáttum velferðarkerfisins sem snúa að konum með börn og fjölskyldu, nú í ljósi umræðunnar um hina margumtöludu og umdeildu mæðrahæggju. En það ætlum við nú samt að gera, af þeirri einföldu ástæðu að þessir þættir eru okkur hugleiknir, og vegna þess að við teljum að það séu einmitt þeir sem ungar konur reka sig fyrst á innan velferðarkerfisins. Við höfum nefnilega komist að því að í samræðum okkar um það, hvað það sé sem hamli frelsi okkar sem ungra kvenna, þá rekjam við okkur oftar en ekki til þeirra ýmsu vankana íslenska velferðarríkisins sem snerta umhæggju barna og annara fjölskyldu meðlima, í viðum skilningi.

En til þess að reyna að vera nú dálitið frumlegar, sem við erum náttúrulega innst inni, þá langar okkur að byrja á því að deila með ykkur samlíkingu, sem ætlað er að lýsa hlutverki konunnar og stöðu hennar í velferðarríki 20. aldarinnar. Þessa samlíkingu rákumst við á í grein eftir ítalska feministann Lauru Balbo og hún er einhvernveginn svona:

Á fyrstu öldinni eftir að Bandaríki Norðurameríku voru stofnuð, mótaðist sameiginleg hefð nytjalistar meðal fátækra kvenna þar vestra; sérstök tegund bútasaums sem kallaðist "Crazy Quilting." Landnemakonurnar, svörtu konurnar í Suðurríkjum, og fátæku hvítu konurnar í Appalachia fjöllunum áttu það allar sameiginlegt að sauma slík teppi, og saumaskapurinn var ekki tómstundaiðja, heldur nauðsyn. Teppin voru nauðsynleg til að halda hlýju á fjölskyldumeðlimunum og til þess að mýkja fletin, þ.e.a.s. veita dálitlum þægindum inn í hið annars harða og miskunnarlausa líf sem þetta fólk liðði. Teppin voru saumuð úr öllum þeim afgangspjötlum sem af gengu þegar tlíkur voru gerðar, sem og úr nýtilegum hlutum annars gersamlega úr sér genginna klæða. Og saumaskapurinn hófst þegar öðrum verkum heimilisins sleppti, þ.e.a.s. eftir að aðrir meðlimir fjölskyldunnar voru gengnir til hvílu. Gerð teppanna krafðist gíturlegrar vinnu, óþrjóandi þolinmæði, skipulags, og útsjónarsemi. Afurðin varð listilega saumaðar ábreiður, sem oftast líktust eins konar púsluspili, en þó ætíð prýddar innra samræmi, öruggu mynstri, þó efnividurinn væri vægast sagt af skornum skammti.

Laura Balbo lýsir hlutverki kvenna í velferðarríkinu við einmitt svona bútasaum, þ.e. "Crazy Quilting." Þannig sýnir hún fram á hverning konur, með umhyggjustörfum sínum, halda saman hinu margslungna, sundurlausa velferðar þjóðfélagi okkar daga. Því er oft haldið fram að þjóðfélagsgerðin sé orðin svo flókin að ekki sé lengur hægt að skilja hana, og því síður sé ríkisvaldinu eða heildinni unnt að hafa áhrif á þróun hennar að einhverju marki. En Laura bendir á að ef fylgst er með því hvernig fólk, hin venjulega Gunna og Jon, fara að því að "redda" sér og sínum frá degi til dags þá komumst við að heildarmynd sem segir okkur dálítið merkilega sögu.

Við komumst nefnilega að því að hinu svokallaða velferðarþjóðfélagi okkar er haldið saman af hinni ódýru, sveigjanlegu vinnu kvenna, sem búta saman hinar ýmsu bjargir, innan og utan heimilisins, á þann hátt sem fullnægir þörfum þeirra sjálfra og þeirra sem næst þeim standa. Eins og bútasaumsteppin, krefst þetta verkefni endalausrar vinnu, útsjónarsemi, tíma, og skipulagningar. Og þessi vinna fer oftar en ekki fram eftir að annari sleppir, eða samhliða þeim öðrum störfum sem konur ynna af hendi. Og það sem meira er, vinnan ólaunaða og lítt virta, og þeir eiginleikar sem hún krefst, skipulagningarhæfileikinn og umhyggjan, eru nefnilega ein helsta forsenda þess að að nútimaþjóðfélagið virki.

Við vitum allar við hvað hún Laura á. Við vitum allar hver í langflestum tilvikum ber ábyrgð á því að skipuleggja tíma og athafnir fjölskyldunnar, hversu stór eða lítil sem hún er; - hver það er sem púslar saman dagvistuninni fyrir börnin og tómstundanáumskeiðum þeirra; hver það er sem ber ábyrgð á því að annast sé um veikan fjölskyldumeðlim eða að einhver sé heima þegar rafvirkinn kemur; hver finnur út úr því á hvaða almannabótum fjölskyldan á rétt og sækir um þær; hver pantar tíma fyrir börnin hjá lækni eða tannlækni og oftar en ekki tekur sér tíma frá öðrum störfum til að fara með þau; hver sér til þess að dagarnir líði samkvæmt skipulaginu og á alltaf að vera reiðubúin til a sveigja sína eigin tímaáætlun ef eitthvað skyldi fara úrskeiðis eða einhver þarfnað aðstoðar; hver sinnir störfum sem velferðarkerfið tekur alls ekki til eða þá á ófullnægjandi hátt, svo sem að hlúa að öldruðum eða fötluðum. Konur skilgreina þarfirnar og taka á sig ábyrgð á því að sjá til þess að þeim sé fullnægt. Þetta hlutverk er sameiginlegt konum, eins og við höfum svo oft rætt, og að okkar mati hefur það áhrif á stöðu allra kvenna, hvort sem að þær sinna því í meiri eða minni mæli. Það er okkar skoðun að jafnframt því að þetta hlutverk er nauðsynleg forsenda velferðarþjóðfélagsins, og ef til vill vegna þess að það er svo, eru allar konur metnar á grundvelli þessa hlutverks.

Laura Balbo telur að við sinnum þessu hlutverki ekki bara vegna félagsmótunar okkar, heldur vegna þess að þarfinar og þau störf sem fullnæging þeirra krefst, eru hluti af tilveru okkar, hluti sem við eיגum erfitt með að ganga fram hjá.

Það er einmitt þess vegna sem við tökum á okkur ábyrgðina. Við skynjum nauðsyn þess og gildi að störfin séu unnin, og sá skilningur mótar alla lífsafstöðu okkar. Auk þess gerum við okkur grein fyrir að störfin yrðu ekki unnin ef við gerðum það ekki. En hér komum við að kjarna þeirrar umræðu um velferðarríkið sem við stelpurnar í ungkvenna hópnum höfum tekist á hendur undanfarnar vikur.

Það er okkar skoðun að hægt væri að þróa velferðarríkið svo miklu lengra en gert hefur verið, ef aðeins væri tekið tillit til þeirra þarfa sem konur sinna nú í akkorð-aukavinnu, ólaunaðri og óviðurkenndri. Það er þess vegna sem það er svo mikilvægt að velferðarkerfið verði endurskoðað og endurskipulagt út frá sjónarhorni kvenna. Það yrði ekki aðeins til þess að léttu oki af herðum kvenna, í veruleika tveggja fyrirvinnu fjölskyldnanna, heldur er það nauðsyn einmitt í þeim veruleika. Við erum að kikna undan því endalausa ábyrgðarhlutverki sem á okkur er lagt; við getum ekki og viljum ekki endalaust bæta á okkur blómum (og arfa) því við viljum frelsi til þess að vera, frelsi til þess að proska okkur og ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur utan heimilis og fjölskyldu. Á sama tíma erum við meðvitaðar um þarfirnar og viljum að þær séu uppfylltar. Við erum fullkomlega ósáttar við að verða að redda öllu í einrúmi, þegar við vitum að þorri kvenna er í sömu aðstöðu. Því krefjumst við heildarlausna; lausna sem komi í veg fyrir að konur séu metnar öðruvísi á vinnumarkaði vegna sinna umhyggjuskyldna; -- lausna sem taki tillit til einstaklingsþarfa og þarfa fjölskyldna að og geri þær að viðfangsefni heildarinnar en ekki máli kvenna einna. Viðfangsefni sem nýtt og betra velferðarþjóðfélag verði mótað eftir. Og lausna sem feli í sér viðurkenningu á því grundvallarhlutverki sem umhyggjustörf gegna í tilveru mannlegs þjóðfélags. Bútateppin sem rædd voru að ofan, og vinnan og skipulagningin sem í þau eru lögð, hafa fyrir löngu öðlast slíka viðurkenningu. Þau fást nú keypt rándýrum dómum í finum búðum vestra, "hand made and everything", en svo er ekki enn um öll störf sem konur vinna af umhyggju og tilfinningu fyrir þörfum sinna nánustu. Því þurfum við að breyta.